# JAKOBSSTIGI



**EFNI**

- ◯ gúmmíteygja
- ◯ naglar
- ◯ silkiborði
- ◯ viðarlengja

**VERKFÆRI**

- ◯ bakkasög
- ◯ hamar
- ◯ límstifti
- ◯ reglustika/tommustokkur
- ◯ vinkill





1

## VERKLÝSING

- Fáðu viðarlengju hjá kennara.
- Notaðu tommustokk og mældu 5 jafn langa búta, (5x7cm).
- Notaðu vinkil til að strika beina línu þvert yfir viðinn. Þannig verður hún hornrétt (90°).

2



- Festu bakkann við hefilbekk.
- Nú festir þú viðarlengjuna í bakkann og sagar með bakka-söginni eftir línunum sem þú merktir.
- Pússaðu brúnirnar á kubbunum með sandpappír. Byrjaðu á grófum pappír númer 60, næst notar þú 150, 240 og að lokum 320.

## VERKLÝSING

### 3



- Mældu x cm borða. Klipptu þrjá jafn langa borða.
- Tylltu borðunum með límí á styttri enda eins kubbs. Á öðrum endanum er einn borði fyrir miðju. Á hinum endanum eru tveir borðar sitt hvoru megin við miðjuna.

### 4



- Leggðu borðana yfir kubbinn.
- Þegar þrír borðar liggja yfir kubbnum leggur þú næsta kubb ofan á. Passaðu upp á að herða borðann ekki of mikið en athugaðu líka að hann má ekki liggja of laus.
- Endurtaktu þar til síðasti kubburinn er kominn í staflann.

### 5



- Smeygðu gúmmíteygju þvert yfir alla kubbana (eða fáðu hjálp).
- Tylltu endunum á borðunum með límí við síðasta kubbinn, eins og þú gerðir í upphafi.
- Festu kubbastaflann í hefilbekkinn með teygjunni á.



6

**VERKLÝSING**

- Nú þarf að festa borðana. Negldu einn nagla fyrir miðju á hverjum borða.
- Snúðu kubbnum við og endurtaktu
- Til að tryggja að borðinn sé vel festur er gott að fá kennara til að hefta niður borðana með heftibyssu.



7

- Taktu teygjuna af staflanum og snyrtu til endana á borðunum ef þarf.
- Opnaðu varlega og leiktu þér.



STYRKT AF ÞRÓUNARSJÓÐI NÁMSGAGNA